

stefnendur hafa höfðað fleiri mál vegna ummæla, sem sprottin eru af undirskriftasöfnun þeirra, og vinnan í þessu máli sparar mikla vinnu í hinum málunum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Úlfars Þormóðssonar, sem birtust í 15., 17. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974 og upp eru talin í stefnu undir liðum I. 1 og 2, II. 2, 3 og 4 og III. 1, 4, 5, 6 og 7, skulu vera dauð og ómerk.

Stefnda, Úlfari Þormóðssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Úlfar Þormóðsson, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarpheðinssyni, Unnari Stéfánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmsyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, kr. 80.000 óskipt í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1977.

Nr. 3/1975. **M**

(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn

K

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1975. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að henni verði dæmdur fyllingareiddur. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði, eins og málið væri ekki gjaf-sóknarmál þar. Einnig krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál þar, en hún fékk gjafvörn hér fyrir dómi hinn 27. nóvember 1975.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð allmörg ný gögn, þ. á m. ný vottorð um endurteknar blóðflokkanannsóknir bæði í Köbenhavns Universitets Retsmediciniske Institut og Rann-sóknastofu Háskólans, svo og álitgerð Læknaráðs frá 18. mars 1977, sem gerð var í tilefni af úrskurði Hæstaréttar 30. nóvember 1976. Verður síðar vikið að gögnum þessum. Þá hafa málsaðiljar komið fyrir dóm að nýju.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að eigi hafi verið forsenda til að veita stefndu heimild til að höfða mál þetta, sbr. 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936, þar sem rúmt ár hafi verið liðið frá lokum lögmæltis áfrýjunarfrests, er dóms-málaráðuneytið veitti henni leyfi til málshöfðunar.

Af gögnum máls verður ráðið, að stefnda hafi hinn 14. ágúst 1970, rúmum mánuði eftir fæðingu barnsins, gert reka að því með aðstoð lögfræðings, að áfrýjandi gengist við faðerni barnsins, B, og honum yrði gert að greiða lög-boðnar greiðslur með því og vegna fæðingar þess. Talsverð-an tíma tók að ná til áfrýjanda, sem neitaði faðerninu. Kom að því, að stefnda fól núverandi lögmanni sínum að annast málarekstur þennan, og var málið þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 22. ágúst 1973.

Í 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 er dómismálaráðherra veitt heimild til að lengja málshöfðunarfresti í barnsfað-ernismálum, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjandi hefur eigi fært að því haldbær rök, að dómismálaráðherra hafi við veitingu leyfisins farið út fyrir valdmörk sín.

Samkvæmt hinum nýju vottorðum um blóðflokkanann-

sókn getur áfrýjandi verið faðir barns stefndu, en eigi D. Í ályktunarorðum hins danska blóðflokkavottorðs frá 3. júní 1976 segir svo:

- „IV K Hp 1—1 Gc 1—1 Gm (a+x+b—) Inv (1—)
 9/1-54
 B Hp 2—1 Gc 2—1 Gm (a+x+b+) Inv (1—)
 15/7-70
 M Hp 2—2 Gc 2—2 Gm (a—x—b+) Inv (1—)
 9/10-41
 D Hp 2—1 Gc 1—1 Gm (a+x+b+) Inv (1—)
 24/9-41

Der er intet til hinder for M faderskab til B efter Hp-, Gc-, Gm- og Inv-systemerne, hvorimod D faderskab er oforeneligt med Gc-systemet.“

Meðal hinna nýju gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, er greinargerð Blóðbankans frá 14. október 1976, svohljóðandi:

	„HLA	Bf	Ac.Ph.
1. K, Keflavík, f. 9/1 '54	3;7	SS	B
2. B, s. st., f. 15/7 '70	3,9;7,w40	SS	B
3. M, R., f. 9/10 '41	3,9;7,w40	SS	B
4. D, R., f. 24/9 '41	2,9;7,8(w22)	SS	A

K (1) er móðir B (2). 3 og 4 eru meintir feður. B (2) erfir 3;7;S frá móður sinni (1) og hlýtur því að erfa 9;w40;S frá föður sínum. M (3) getur lagt til 9;w40;S. D (4) getur ekki lagt til 9;w40;S né B í Ac.Ph. D (4) getur því ekki verið faðir B (2)“.

Gögn þau, sem nú hafa verið reifuð, lágu fyrir Læknaráði, er það gerði ályktun sína 18. mars 1977. Er ályktunin svohljóðandi: „Viðbótargögn, sem aflað hefur verið, breyta ekki fyrri ályktun læknaráðs um, að barnið B geti verið ávöxtur samfara aðila málsins 14. eða 15. desember 1969“.

Er stefnda kom fyrir dóm hinn 1. mars 1976, bar hún, „að hún hafi ekki verið með neinum öðrum karlmönnum en þeim tveim, sem komið hafa fram í málinu, frá því 1. október til 1. janúar 1970, og reyndar hafi hún aldrei verið með karlmönnum fyrr en þessum tveim.“ Eru aðiljar sam-

mála um, að samfarir þeirra hafi farið fram 14. eða 15. desember 1969.

Þegar lítið er til hinna læknisfræðilegu gagna málsins, þ. á m. ályktana Læknaráðs og vottorðs Péturs H. J. Jakobs-sonar prófessors, er greinir í héraðsdómi, svo og framburða málsaðilja um kynmök þeirra, þykir mega staðfesta úrlausn hins áfrýjaða dóms um faðerni barns stefndu, B, og greiðslu með því og vegna fæðingar þess.

Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, samtals fyrir báðum dómum 100.000 krónur.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Það athugast, að eigi sést, að ljósmóðir sú, sem tók á móti barni stefndu, hafi spurt hana um faðerni þess og skrásett skýrslu hennar þar um, eins og boðið er í 214. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir báðum dómum, Vilhjálms Þór-hallssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 22. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. þ. m., hefur K, . . . , Keflavík, fædd 9. jan. 1954, höfðað gegn M, . . . , Reykjavík, fæddum . . . , og gert þær kröfur,

að hann verði dæmdur faðir barns sóknaraðila, B, fæddis 15. júlí 1970, og hann dæmdur til þess að greiða með barninu meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk hennar og tryggingariðgjald fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst sóknaraðili þess, að henni verði heimilaður fyllingareidur. Þá krefst hún og málskostnaðar sér til handa í báðum framangreindum tilvikum.

Varnaraðili krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta er höfðað með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 1973, sbr. 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Umboðsmenn aðilja samþykktu í þinghaldi 22. ágúst 1973, að mál þetta yrði rekið og dæmt fyrir bæjarþingi Keflavíkur.

Hinn 15. júlí 1970 fæddi sóknaraðili lifandi sveinbarn á sjúkrahúsinu í Keflavík, sem var 2300 grömm að þyngd og 48 cm að lengd, sbr. vottorð ljósmóður. Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst varnaraðilja í máli þessu. Sóknaraðili kom fyrir rétt 22. ágúst 1973. Sóknaraðili kvaðst hafa kynnst varnaraðilja vorið 1969 hér í Keflavík. Hafi hann oft komið í heimsókn til móðurbróður hennar, sem hafi búið í sama húsi og hún. Hafi hann komið í heimsókn á heimili móðurbróður síns og þar hafi þau kynnst. Kunningsskapur þeirra hafi þá ekki verið náinn. Um haustið, þegar móðurbróðir hennar var að flytja úr húsinu, hefðu þau, hún og varnaraðili, verið samferða upp á háaloft með ýmislegt dót og hefði þá varnaraðili verið að reyna við sig, og kvaðst hún þá hafa tekið á móti og þau hefðu kysst, en ekkert hafi orðið á milli þeirra í það sinn. Hún kvað þau hafa hist nokkrum sinnum eftir það, en ekkert náði samband hefði verið á milli þeirra. Síðan hefði það gerst sunnudaginn 15. desember 1969, að varnaraðili hefði hringt í sig og beðið hana að gæta barna fyrir sig, á meðan hann færi í næsta hús til að hjálpa kunningjafólki sínu. Varnaraðili hafi þá búið að í Keflavík. Hafi hún farið þangað og hefði varnaraðili verið undir áhrifum áfengis og hefði hann ekki farið úr húsinu til að hjálpa við flutninga, og kvaðst hún ekki hafa orðið vör við það, að verið væri að flytja úr næstu húsum. Varnaraðili hefði fengið sig með sér inn í svefnherbergi og þau haft þar samfarir, engar getnaðarvarnir hefðu verið notaðar, hvorki af hans hálfu né hennar. Samfarirnar hefðu verið fullkomnaðar og varnaraðilja hefði orðið sáðlát. Sóknaraðili sagði, að þau

hefðu aldrei, hvorki fyrr né síðar, haft samfarir nema í þetta eina skipti. Sóknaraðili skýrði og frá því, að hún hefði síðast haft á klæðum mánaðamótin nóvember desember 1969. Hún hafi farið til læknis í janúar 1970, vegna þess að hún hafi ekki haft á klæðum lengi. Læknirinn hefði sagt, að hún væri barnshafandi og komin 6 vikur á leið. Hún hefði síðan farið beint frá læknum heim til varnaraðilja og ætlað að segja honum frá, hvernig komið væri, en hún ekki getað sagt honum það. Þar sem kona hans hefði alltaf verið viðstödd.

Í réttarhaldi þessu kvaðst sóknaraðili hafa verið með D í ca 1 ár, en hætt að vera með honum í nóvember 1969. Kvaðst hún hafa haft samfarir við D tvisvar sinnum í nóvember með ca viku millibili, sennilega aðra og þriðju vikuna í nóvember. Ekki kvaðst hún muna, hvort hann notaði getnaðarvarnir, en kvaðst sjálf ekki hafa notað þær. Hún kvað samfarir þessar hafa átt sér stað á heimili D á í Keflavík.

D skýrði frá því í réttarhaldi 28. ágúst 1973, að hann hefði nokkrum sinnum haft samfarir við sóknaraðilja, og taldi hann, að þau hefðu síðast haft samfarir í september 1969 og hann hefði alltaf notað getnaðarvarnir við samfarirnar.

Blóðflokkanannsókn fór fram á D 29. ágúst 1973, en blóð sóknaraðilja og barnsins, B, hafði verið rannsakað í febrúar 1971. Niðurstaða þeirrar blóðflokkanannsóknar, var sú, að skv. henni gat D ekki verið faðir B, sonar sóknaraðilja, þar eð D reyndist vera arfhreinn með tilliti til eiginleikans M, en sá eiginleiki fannst ekki í blóði barnsins. Kemur því D ekki til álita sem faðir barns sóknaraðilja, sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við sóknaraðilja 15. desember 1969 á heimili sínu, sem þá hafi verið að í Keflavík. Sagði hann, að samfarir þessar hefðu ekki verið fullkomnaðar, honum hefði ekki orðið sáðlát til sóknaraðilja.

Í réttarhaldi því, er varnaraðili viðurkenndi samfarir við sóknaraðilja, skýrði hann frá því, að hann hefði gengið á sóknaraðilja, eftir að hann hafði haft við hana samfarir, hvort hún hefði ekki haft áður samfarir við einhvern. Hún hefði þá tjáð sér, að hún hefði haft samfarir við E á þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum sama ár, og með D einhvern tíma áður.

Sóknaraðili hefur staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir eða náð samband við E og neitar að hafa sagt varnaraðilja það, að hún hefði haft við hann samfarir. E hefur komið

fyrir rétt og neitað því að hafa haft nokkru sinni samfarir við sóknaraðilja. Sóknaraðili hefur lýst því yfir, að hún hafi ekki verið með nokkrum öðrum karlmönnum en hún hefur greint frá frá því í október fram í endaðan desember.

Hinn 15. janúar 1970 skoðaði Kjartan Ólafsson, héraðslæknir í Keflavík, sóknaraðilja. Taldi hann hana vera gengna með 6—7 vikur og sendi hana til sérfræðings í kvensjúkdómum, sbr. vottorð Kjartans. Læknirinn segir í vottorðinu, að hann hafi skráð hjá sér, að síðustu blæðingar hefðu verið 25. til 30. nóvember 1969 og mætti því búast við fæðingu í ágústlok. Læknirinn segir í sama vottorði, að konan hafi komið í skoðun til sín 26. maí 1970 og hefði hann þá skráð hjá sér: „Komin rúma sex mánuði á leið, fullt líf, hreyfingar örugglega komnar 28. 4. 1970, góð fósturhljóð, höfuðstaða og konunni heilsast eðlilega.“

Pétur H. J. Jakobsson, yfirlæknir á fæðingardeild Landspítalans, hefur gefið eftirfarandi vottorð í málinu: „K, fædd 9. 1. 1954, búsett, Keflavík, ógiftur nemandi, kom til undirritaðs til læknisskoðunar þann 3. febrúar 1970. Hún sagðist hafa haft reglulegar tíðir seinast miðjan nóvember 1969 og samfarir 15. 12. 1969. Hafði aldrei áður verið barnshafandi, og við skoðun á fjölgunarferum er ekkert óeðlilegt að finna, nema að legið er að stærð og mýkt svarandi til 8—9 vikna meðgöngutíma.“

Samkvæmt venjulegum reikningum um meðgöngutíma var samkvæmt seinustu tíðum að vænta fullburða fæðingar seint í ágúst. Herdis Björnsdóttir ljósmóðir vottar fæðingu hjá K á Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs þann 15. 7. '70, lifandi sveinbarn, sem vó 2300 gm að lengd 48 cm.

Hugsanlegur getnaðartími K er frá byrjun desember 1969, og síðan geta alltaf egglos eitthvað tafist, þannig að þá getur getnaður orðið tilsvareandi seinna. Þyngd barnsins við fæðingu svarar til þess, að barnið hafi fæðst 4—5 vikum fyrir tímann, og þá væri áætlaður fullburðatími seint í ágúst.“

Kristján Sigurðsson, sjúkrahúslæknir í Keflavík, hefur gefið eftirfarandi vottorð að beiðni réttarins: „K, fædd 9. 1. 1954, þá til heimilis að, Keflavík, ól þann 15. 7. 1970 kl. 13.45 lifandi sveinbarn, sem við fæðingu vó 2300 grömm og mældist vera 48 cm á lengd.“

Stúlkan kom á sjúkrahúsið sama dag kl. 10.45. Var legbotn þá tvær til þrjár fingurbreiddir neðan við flagbrjósk og höfuð skorðað í grindarinnangi.

Samkvæmt fæðingarbók er talið vanta eina til tvær vikur á fullan burð. Hörund er ekki talið rautt. Limir eru ekki taldir magrir eða grannir. Neglur á fingrum eru ekki taldar linar og eru gómheldar. Andlit er ekki talið hrukkótt og bæði eistu eru í pung. Ekki er tekið fram, hvaða ljósmóðir var viðstödd fæðinguna.“

Rétturinn hefur skoðað fæðingarbók sjúkrahúss Keflavíkur-læknishéraðs, og ber bókinni saman við þessa lýsingu læknisins, sem rakin er hér að framan.

Elsa María Hertervig ljósmóðir hefur komið fyrir dóm, og var henni sýnt ljósrit úr fæðingarbók Sjúkrahúss Keflavíkur, og kvaðst hún hafa ritað það, sem þar var skráð. Hún sagði, að strax eftir fæðingu væri gerð svokölluð fæðingartilkygning, sem send væri sóknarpresti, en eftir þessari fæðingartilkygningu væri bókin færð. Þar, sem svarað sé því í fæðingarbókinni, hvort barnið sé fullburða eða ekki, standi ca 1—2 vikur. Hún kvaðst ekki sjálf hafa tekið á móti umræddu barni. Hún sagði, að ljósmóðir sú, sem tæki á móti barninu, útfyllti fæðingartilkygninguna, sem fæðingarbókin væri rituð eftir, en ekki mundi hún, hvort allt kæmi fram í fæðingartilkygningunni, sem kæmi fram í fæðingarbókinni. Hún bætti við, að upplýsingar í fæðingarbókina væru færðar inn eftir skoðun hennar og læknisins og þær síðan ritaðar inn að bestu þekkingu þeirra. Ljósmóðir sú, sem tók á móti barni sóknaraðilja, kom einnig fyrir rétt og kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa tekið á móti barni hennar, en hún kvaðst rita það hjá sér, hvaða börnum hún tæki á móti, og væri þetta eitt þeirra barna. Hún kvaðst ekkert muna um það, hvernig barnið hefði litið út við fæðingu, og ekki muna eftir neinu sérstöku við fæðingu þessa barns.

Með bréfi réttarins, dags. 4. janúar 1974, var mál þetta sent Læknaráði til umsagnar og þess þar farið á leit, „að Læknaráð láti réttinum í té skriflega umsögn sína um það, hvort barnið B, f. 15. 7. 1970, geti með tilliti til framkominna vottorða lækna verið ávöxtur samfara aðila 15. desember 1969.“

Með bréfi, dagsettu 16. ágúst 1974, barst réttinum álitserð og úrskurður Læknaráðs í framangreindu máli. Ályktun Læknaráðs var sú, að „samkvæmt læknisvottorðum, sem fyrir liggja, telur læknaráð, að barnið B, fæddur 15. 7. 1970, geti verið ávöxtur samfara 15. desember 1969.“

Með bréfi, dags. 16. október 1974, fór rétturinn þess á leit við héraðslækni í Keflavík, Kjartan Ólafsson, að hann léti dóm-

inum í té skriflega umsögn sína um það, hver væri mögulegur getnaðartími barns sóknaraðilja, B, og jafnframt hvort barn hennar hefði verið fullburða við fæðingu með tilliti til vottorða lækna.

Niðurstaða héraðslæknisins var sú, að hann teldi mögulegan getnaðartíma barns sóknaraðilja geta verið frá 10. október 1969 til 30. desember 1969.

Blóðflokkarannsókn hefur farið fram á málsaðiljum og barninu, og samkvæmt henni getur varnaraðili verið faðir barns sóknaraðilja, en niðurstaða rannsóknarinnar var þessi:

		Rh					Kell Fy				
		C	D	E	c	e	C	Kk	ab	P ₁	H _p
Sóknaraðili	0	Nss	+	+	—	—	+	—	+	+	1—1
Barnið	0	Nss	+	+	—	—	+	—	+	+	2—1
Varnaraðili	0	Nss	+	+	+	+	—	+	—	+	2—2

Aðiljar málsins eru sammála um það, að þau hafi haft samfarir 15. desember 1969 og hafi það verið í eina skiptið, sem þau höfðu samfarir. Varnaraðili hefur gert ítrekaðar tilraunir til að draga aðra aðilja inn í mál þetta, án árangurs. Barn sóknaraðilja er fætt 15. júlí 1970 og líða því aðeins 214 dagar, frá því aðiljar hafa samfarir, þar til barnið fæðist. Eins og áður segir, kemur fram í fæðingarbók sjúkrahússins, að barnið, B, var á engan hátt óeðlilegt við fæðingu að öðru leyti en því, að barnið var lítið, eða 2300 grömm að þyngd og 48 cm að lengd. Sóknaraðili hefur sjálf lýst útliti drengsins, B, við fæðingu, og lýsti hún barninu þannig, að það hefði verið með mikið hár, rukkótt, eins og gamalmenni í andliti, horað, rautt og blátt, og skinnið hefði allt verið í fellingum, en ekki mundi hún, hvernig neglur höfðu verið. Lýsing sóknaraðilja á barninu stangast mjög á við lýsingu þá, sem færð er í fæðingarbók sjúkrahússins. Pétur H. J. Jakobsson, yfirlæknir á fæðingardeild Landspítalans, telur, að þyngd barnsins við fæðingu svari til þess, að barnið hafi fæðst 4—5 vikum fyrir tímann. Læknirinn telur og, að hugsanlegur getnaðartími sé frá byrjun desember 1969 og síðan geti alltaf egglos eitthvað tafist, þannig að þá geti getnaður orðið tilsvarendi seinna. Læknaráð hefur ályktað, að barnið geti verið ávöxtur samfara 15. desember 1969. Að áliti héraðslæknis er

mögulegur getnaðartími barnsins frá 10. október 1969 til 30. desember 1969.

Aðalvörn varnaraðilja í máli þessu er sú, að barn það, sem hér um ræðir, geti eigi verið ávöxtur samfara aðilja 15. desember 1969, þar sem þá væri um óeðlilega stuttan meðgöngutíma að ræða.

Rétturinn lítur svo á, að það sé þyngst á metunum og afgerandi, að aðiljar eru á einu máli um það, að þau hafi haft samfarir á mögulegum getnaðartíma barnsins. Blóðrannsókn útilokar eigi varnaraðilja frá faðerninu. Sóknaraðili hefur staðfastlega haldið því fram, að enginn annar en varnaraðili og nefndur D hafi haft samfarir við hana á mögulegum getnaðartíma barnsins, en samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar getur D ekki verið faðir að barni sóknaraðilja.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, vottorða lækna, niðurstöðu Læknaráðs og lýsingu sóknaraðilja sjálfs á barninu við fæðingu, ber að dæma varnaraðilja föður barns þess, er sóknaraðili ól hinn 15. júlí 1970, samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936. Skal hann greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma varnaraðilja til greiðslu alls málskostnaðar. Útlagður kostnaður embættisins vegna máls þessa nemur kr. 9.200. Enn fremur verður embættið að leggja út þóknun til Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans, talsmanns sóknaraðilja, samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936. Þykir þóknun til Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans hæfilega ákveðin með tilliti til umfangs rannsóknar málsins kr. 65.000.

Málskostnaður nemur því samtals kr. 74.200, sem varnaraðilja ber að greiða, og rennur hann til ríkissjóðs.

Jón Eysteinnsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins sveinbarns, B, er sóknaraðili, K, ól hinn 15. júlí 1970.

Skal varnaraðili greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1970 og fæðingarstyrk til hennar, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Varnaraðili greiði kr. 74.200 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs, þar af eru kr. 65.000 málssóknarlaun til talsmanns sóknaraðilja, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1977.

Nr. 109/1975. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Guðsteini Þengilssyni
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Æruneiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.